



Dalvíkurskóli og Menntaskólinn á Tröllaskaga

gera með sér eftirfarandi samning:



Í samræmi við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla munu Dalvíkurskóli (DS) og Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR) leitast við að efla samstarf í tengslum við samfellu skólastiga¹.

Felst samstarfið í því að:

- Efla sveigjanleg skólaskil þar sem nemendur Dalvíkurskóla sem hafa lokið námsmarkmiðum grunnskóla í tiltekinni kennslugrein geta sótt um staðbundið nám í Menntaskólanum á Tröllaskaga í þeirri grein. Þetta verður gert á eftirfarandi hátt:
 - a. Sótt er um skólavist fyrir nemendur á sérstöku eyðublaði á innritunartíma MTR sem hefst 1. apríl fyrir haustönn og 1. nóvember fyrir vorönn. MTR svarar eins fljótt og auðið er hvort pláss er fyrir nemanda í áföngum sem sótt er um.
 - b. Heimild frá forráðamönnum fyrir námi nemandans í MTR þarf að liggja fyrir við umsókn.
 - c. Staðfesting skólastjóra Dalvíkurskóla um að nemandi hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar í þeirri grein sem sótt er um þarf að liggja fyrir.
 - d. Tilkypping um að hætt sé við skólavist þarf að koma frá forráðamönnum eða skólastjórnandi Dalvíkurskóla með samþykki forráðamanna.
 - e. Ábyrgð á mætingum, námsmati, námi og kennslu í þeim kennslugreinum er nemandi grunnskólans stundar í Menntaskólanum á Tröllaskaga, er hjá menntaskólanum en Dalvíkurskóli ber ábyrgð á nemandanum að öllu öðru leyti.
 - f. Nemandi stundar nám sitt í MTR eftir skóladagatali MTR. Tilkyppna þarf forföll til menntaskólans samkvæmt reglum hans.
 - g. Vitnisburður nemandans í menntaskólanum er skráður í Innu, skráningarkerfi framhaldsskóla. Að fengnu samþykki nemanda og forráðamanns er vitnisburður nemanda sendur frá Menntaskólanum á Tröllaskaga til Dalvíkurskóla.
 - h. Nemandinn fær umsjónarkennara í Menntaskólanum á Tröllaskaga sem hefur það hlutverk að styðja nemandann í námi sínu við skólann.
- Stilla saman stundatöflur skólanna eftir því sem kostur er þannig að grunnskólanemar geti sótt nám við MTR ef það á við. Fundur um samstillingu á stundatöflum er í maí fyrir haustönn og í nóvember fyrir vorönn. Dalvíkurskóli á erfitt með breytingar á vorannartöflu

¹ Sjá nánar í gildandi aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

í nóvember og er þá helst horft til töflugerðar MTR.

- Horfa sérstaklega til kafla 9.10 í aðalnámskrá grunnskóla² um nemendur er útskrifast fyrr úr grunnskóla en við lok 10. bekkjar.
- Efla samfellu milli Dalvíkurskóla og MTR við sérfræðipjónustu, þar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Nauðsynlegt er að ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna og tillit tekið til ákvæða laga um slíka upplýsingamiðlun milli skólastiga.³

Samningurinn verður yfirfarinn reglulega með tilliti til reynslu og honum breytt ef báðir aðilar samþykkja. Samningnum má segja upp með 4 mánaða fyrirvara.

Ólafsfirði 6. janúar 2020

Dalvíkurskóli



FRÍÐR ANNA
DALVÍKURSKÓLI
Skólastjóri

Dalvíkurbyggð



SVIÐSSTJÓRI
FRÆÐSLU OG MENNINGARSVIÐS
Sviðsstjóri
Fræðslu og menningarsviðs

Menntaskólinn á Tröllaskaga



• MENNTASKÓLINN Á TRÖLLASKAGA •
Skólameistari

² <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

³ Sjá aðalnámskrá grunnskóla kafli 7.10 bls 46